

6. júlí 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - maí 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 15,2 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 32,4 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðugleikaframlagi á árinu 2016 sem námu 17 ma.kr í janúar og 25 ma.kr í mars. Handbært fé lækkar um 7,3 ma.kr. samanborið við lækkun um 45,7 ma.kr. á árinu 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – maí 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	256.233	265.636	317.772
Greidd gjöld	241.187	263.917	282.983
Tekjujöfnuður	15.046	1.719	34.789
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-3.198	-34.079	-19.603
Handbært fé frá rekstri	11.848	-32.360	15.185
Fjárfestingahreyfingar	-6.668	10.038	-8.585
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	5.180	-22.322	6.600
Afborganir lána	-51.763	-53.168	-31.552
Innanlands	-26.990	-33.097	-26.259
Erlendis	-24.773	-20.071	-5.293
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-46.583	-75.489	-24.952
Lántökur	37.601	29.744	17.659
Innanlands	37.601	29.744	17.659
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	-8.982	-45.745	-7.293

Innheimtar tekjur fyrstu fimm mánuði ársins voru 317,8 ma.kr. Það er 19,6% aukning frá sama tímabili í fyrra en umfangsmiklir óreglulegir liðir, stöðugleikaframlag og arðgreiðslur, bjaga samanburð milli ára. Á tímabilinu nam stöðugleikaframlag alls 42 ma.kr. og arðgreiðslur 15,9 ma.kr. Í fyrra voru arðgreiðslur hinsvegar 13 ma.kr. meiri en í ár sem má rekja til arðgreiðslu Landsbankans sem verður greidd í tveimur greiðslum í ár ólíkt fyrra ári. Ef leiðrétt er fyrir þessum tveimur liðum jukust tekjur ríkissjóðs um rúmlega 10% milli ára sem endurspeglar almennar launahækkningar og aukin umsvif í efnahagslífinu.



Tekjur ríkissjóðs janúar – maí 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	213.746	224.028	247.301	11,5	4,8	10,4
Skattar á tekjur og hagnað	91.715	99.126	108.765	18,9	8,1	9,7
Tekjuskattur einstaklinga	51.818	53.664	65.589	8,2	3,6	22,2
Tekjuskattur lögaðila	16.217	20.704	20.087	44,3	27,7	-3,0
Skattur á fjármagnstekjur	23.680	24.758	23.088	31,2	4,6	-6,7
Eignarskattar	4.444	2.844	3.531	-1,6	-36,0	24,2
Skattar á vöru og þjónustu	83.269	86.113	95.470	7,6	3,4	10,9
Virðisaukaskattur	54.190	57.027	65.690	11,0	5,2	15,2
Vörugjöld af ökutækjum	1.835	2.482	3.339	2,7	35,3	34,5
Vörugjöld af bensíni	4.417	4.553	4.506	-0,9	3,1	-1,0
Skattar á olíu	2.663	2.849	3.194	5,6	7,0	12,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6.866	7.111	7.494	6,5	3,6	5,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	13.298	12.091	11.246	-0,7	-9,1	-7,0
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.184	2.088	1.813	-5,3	-4,4	-13,2
Aðrir skattar	3.251	3.362	2.980	5,3	3,4	-11,4
Tryggingagjöld	28.883	30.494	34.743	5,9	5,6	13,9
Fjárframlög	71	105	85	4,2	47,9	-18,9
Aðrar tekjur	41.090	41.503	70.386	102,0	1,0	69,6
Sala eigna	1.326	-	-	-	-	-
Tekjur alls	256.233	265.636	317.772	20,5	3,7	19,6

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 9,7% milli ára og voru samtals 108,8 ma.kr. Tekjuaukninguna má rekja til 22% aukningar á tekjuskatti einstaklinga sem nam 65,6 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og var 5,6 ma.kr. umfram áætlun. Þessa mikla aukning skýrist af breytingum á vinnumarkaði en laun hækkuðu mikið á síðasta ári auk þess sem vinnustundum fjölgaði. Frávik tekjuskattsins frá áætlun kann þó jafnframt að skýrast af fráviki í áætlaðri dreifingu launahækkana eftir mánuðum og því verður uppsafnað frávik smám saman marktækara þegar líður á árið. Tekjuskattur lögaðila var 20 ma.kr. sem er 1,0 ma.kr. undir áætlun en um er að ræða bráðabirgðainnheimtu. Fjármagnstekjuskattur nam alls 23 ma.kr. Ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 19,2 ma.kr. og var 1,7 ma.kr. yfir áætlun.

Eignarskattar voru samtals 3,5 ma.kr. og 0,8 ma.kr. umfram áætlun. Þar af námu stimpilgjöld 1,9 ma.kr. og erfðafjárskattur 1,2 ma.kr. Samanlagt jukust eignarskattar um 24,2% milli ára sem má að miklu leyti rekja til hækkandi eignaverðs og vaxandi umsvifa á fasteignamarkaði.

Skattar á vöru og þjónustu voru 95,5 ma.kr. sem er 5,9 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam virðisaukaskattur 65,7 ma.kr. og var 6 ma.kr. umfram áætlun. Virðisaukaskattur jókst um rúmlega 15% milli ára sem má að miklu leyti rekja til aukinnar einkaneyslu og vaxandi umsvifa í ferðaþjónustu. Ferðamönnum hefur fjölgað um rúmlega 35% það sem af er ári og um leið hefur velta í neðra þrepi aukist mikið. Helstu útgjaldaliðir ferðamanna eru skattlagðir í neðra þrepi virðisaukaskatts, en auk gistipjónustu og matvöru urðu



fólksflutningar og önnur ferðaþjónustutengd starfsemi skattskyld í neðra þrepi um síðustu áramót. Auk þess hafa kaup á ökutækjum aukist umtalsvert milli ára en nýskráðum bifreiðum fjölgaði um 54% fyrstu fimm mánuði ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Þar gætir einnig áhrifa af ferðaþjónustu því stór hluti nýrra bíla eru bílaleigubílar. Vörugjöld af ökutækjum hafa því aukist um 34,5% milli ára og námu alls 3,3 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. umfram áætlun. Vörugjald af bensíni og olíu námu samtals 7,7 ma.kr. en voru samanlagt 0,2 ma.kr. undir áætlun.

Áfengis- og tóbaksgjald nam samanlagt 7,5 ma.kr. Þar af nam áfengisgjald 5,1 ma.kr. sem er 9% aukning frá fyrra ári. Þessi aukning milli ára endurspeglar 4,3% aukningu í sölu auk hækkunar á áfengisgjaldi sem tók gildi síðustu áramót samhliða lækkun á virðisaukaskatti. Tóbaksgjald nam 2,4 ma.kr. sem er 1% samdráttur frá fyrra ári.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu 1,8 ma.kr. og voru á áætlun. Tollar drógust saman um 13,2% frá sama tímabili í fyrra sem má rekja til afnáms tolla af skóm og fatnaði um síðustu áramót.

Tryggingagjald nam alls 34,7 ma.kr. og var 1,7 ma.kr. umfram áætlun. Það samsvarar tæplega 14% aukningu milli ára sem endurspeglar almennar launahækkunir á síðasta ári og í byrjun árs. Stofn tryggingagjalds, sem er góður mælikvarði á heildarlaunastofn landsmanna, jókst um 10,8% á fyrstu fjórum mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Aðrar tekjur námu 70,4 ma.kr. og jukust verulega milli ára. Veigamiklir óreglulegir liðir falla þar undir, þar á meðal stöðugleikaframlag að hluta til og arðgreiðslur. Stöðugleikaframlag nemur þar af 42 ma.kr. og skiptist í 17 ma.kr. til ráðstöfunar hjá ríkissjóði í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin og 25 ma.kr. sem var ráðstafað í mars til að greiða niður lán frá Seðlabanka Íslands. Stærstur hluti stöðugleikaframlags og hliðaráhrifa af því er hins vegar aðgreindur frá hefðbundnu uppgjöri ríkissjóðs. Arðgreiðslur voru samtals 15,9 ma.kr. Þar af greiddi Landsbankinn 14,1 ma.kr. í lok apríl. Um er að ræða fyrri greiðslu af tveimur en önnur jafnhá greiðsla er væntanleg í september.



Greidd gjöld námu 283 ma.kr. og jukust um 19 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 7,2%. Ef litið er til áætlunar þá eru gjöld tímabilsins um 2,1% undir áætluðum útgjöldum. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar - maí 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	33.114	33.677	33.543	0,2%	1,7%	-0,4%
Almenn opinber þjónusta	21.061	21.133	24.119	3,5%	0,3%	14,1%
Almannatryggingar og velferðarmál	52.988	54.105	57.556	3,1%	2,1%	6,4%
Heilbrigðismál	56.059	60.824	66.941	5,8%	8,5%	10,1%
Efnahags- og atvinnumál	23.404	39.898	41.176	14,9%	70,5%	3,2%
Menntamál	25.593	24.340	26.676	-0,2%	-4,9%	9,6%
Menningar- og félagsmál	7.998	8.012	9.051	1,5%	0,2%	13,0%
Lög- og réttargæsla	8.797	8.615	9.931	-2,7%	-2,1%	15,3%
Önnur útgjöld	12.174	13.313	13.991	63,8%	9,4%	5,1%
Gjöld alls	241.188	263.917	282.983	5,7%	9,4%	7,2%

Almenn opinber þjónusta hækkar um 3 ma.kr. milli ára eða 14.1% sem er í samræmi við áætlun tímabilsins. Þar af hækka útgjöld fasteigna ríkissjóðs um 0,3 ma.kr. frá fyrra ári og almenn fjárframlög til sveitarfélaga hækka um 1 ma.kr.

Efnahags- og atvinnumál námu um 41,2 ma.kr. og jukust um 3,2% frá fyrra ári sem er um 2,7 ma.kr. undir áætluðum útgjöldum. Stærstu frávik frá áætluðum útgjöldum eru vegna samgöngumála sem eru um 2,7 ma.kr. undir áætlun og lækka um 0,4 ma.kr. á milli ára.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 66,9 ma.kr. og jukust um 6,1 ma.kr. milli ára eða um 10,1%, sem er hækking um 0,5% frá áætlun. Meginskýring á aukningu milli ára er sjúkrahúsþjónusta, sem jókst um 3,8 ma.kr., en það er 14,2% aukning. Þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólaskjúkrahúss sem jókst um 2,3 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækkuðu um 1,9 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga jukust um 0,9 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 26,7 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 2,3 ma.kr. eða 9,6% milli ára sem er 3,0% lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 57,6 ma.kr. og aukast um 3,5 ma.kr. eða 6,4%. Framlög til aldraðra aukast um 1,7 ma.kr. Þar af aukast lífeyristryggingar um 2,2 ma.kr. eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Örorkubætur aukast um 2,2 m.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 0,7 ma.kr. á tímabilinu, helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 3,9 ma.kr. sem er lækking um 1,6 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 6,3 ma.kr. og hækkuðu um 1,3 ma.kr. á milli ára.

Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokkum má sjá í eftirfarandi töflu:



Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar - maí 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	1.725	1.940	12,5
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	4.340	4.565	5,2
Utanríkismál	3.973	4.075	2,6
Önnur almenn opinber þjónusta	3.829	5.319	38,9
Fjármagnskostnaður	33.677	33.543	-0,4
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	7.266	8.220	13,1
Almenn opinber þjónusta	54.810	57.662	5,2
Lög- og réttargæsla	8.615	9.931	15,3
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	2.645	2.886	9,1
Landbúnaðarmál	5.459	6.624	21,3
Samgöngumál	9.024	8.603	-4,7
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	2.094	2.667	27,4
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	16.604	15.345	-7,6
Önnur efnahags- og atvinnumál	4.072	5.052	24,1
Efnahags- og atvinnumál	39.898	41.176	3,2
Lyf og lækningavörur	7.727	8.228	6,5
Heilsugæsla	12.593	14.505	15,2
Sjúkrahúsþjónusta	26.486	30.249	14,2
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	11.999	12.005	0,1
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	2.018	1.954	-3,2
Heilbrigðismál	60.824	66.941	10,1
Menningarmál	3.644	4.220	15,8
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	4.368	4.830	10,6
Menningar- og félagsmál	8.012	9.051	13,0
Framhaldsskólastig	9.319	10.422	11,8
Háskólastig	13.355	14.161	6,0
Önnur menntamál	1.666	2.093	25,6
Menntamál	24.340	26.676	9,6
Örorka og fötlun	14.238	16.397	15,2



GREIÐSLUAFKOMA RÍKISSJÓÐS | 6. júlí 2016

Öldrun	20.356	22.085	8,5
Fjölskyldur og börn	10.546	10.078	-4,4
Atvinnuleysi	5.516	4.887	-11,4
Vaxtabætur	219	113	-48,1
Önnur trygginga- og velferðarmál	3.230	3.996	23,7
Almannatryggingar og velferðarmál	54.105	57.556	6,4
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	5.028	6.298	25,3
Fjármagnstekjuskattur	5.489	3.874	-29,4
Annað	2.796	3.819	36,6
Önnur útgjöld	13.313	13.991	5,1
Gjöld alls	263.917	282.983	7,2

Lánsfjárfjöfnumður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnumður tímabilsins var jákvæður um 6,6 ma.kr. en var neikvæður um 22,3 ma.kr. á sama tímabili 2015. Afborganir lána námu 31,5 ma.kr. til samanburðar við 53,2 ma.kr. á síðasta ári. Stærstur hluta afborgana var vegna innlendra lána eða 26 ma.kr. sem skýrist aðallega af 25 ma.kr. innborgun á skuldabréf Seðlabanka Íslands. Erlendar afborganir námu 5,2 ma.kr. og skýrast af uppgreiðslu á láni í breskum pundum sem tekið var árið 1981, s.k. „barnalán“. Lántökur tímabilsins námu 17,6 ma.kr. til samanburðar við 29,7 ma.kr. á sama tímabili fyrra árs. Eingöngu var um innlenda lántöku að ræða á tímabilinu.